

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

885. tbl - 19. árg.

11. júlí 2019



Nýtt björgunarskip í Rif



Björgunarskipið Gunnar Friðriksson kom í nýja heimahöfn á Rifi á dögunum. Skipið mun leysa björgunarskipið Björg af hólmum sem staðið hefur vaktina með sóma síðastliðinn 17 ár, hefur hún farið í hátt í 200 útköll og önnur verkefni á þessum 17 árum.

Nýja skipið, þó það sé sömu gerðar er 11 árum yngri og var smíðað árið 1988 á Englandi af Konunglegu bresku sjóbjörgunarsamtökunum, RNLI. Eraðbúnaður í nýja skipinu mun betri og gengur það talsvert hraðar en það eldra.

Munu þessi skipti því auka öryggi sjófarenda sem og vinnu- aðstöðu og þægindi áhafnar. Óvíst er þó hversu lengi Gunnar Friðriksson verður í Rifshöfn þar sem undirbúningsvinna við endurnýjun björgunarskipaflotans stendur nú yfir og tekur Björgunarsveitin Lífsbjörg þátt í þeim undirbúningi. Óskum við björgunarsveitinni Lífsbjörgu til hamingju með nýja bátinn sem mun örugglega nýtast þeim vel í þeirra góða og mikilvæga starfi.

þa

Sumarfrí

Prentsmiðjan Steinprent verður lokað vegna sumarleyfa 22. júlí - 12. ágúst.

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma 440 2390

Útgáfa Jökuls næstu vikur

Bæjarblaðið Jökull kemur út 18. og 25. júlí en fer svo í sumarfrí, blaðið kemur aftur út fimmtudaginn 15. ágúst.

Kæru viðskiptavinir.
Vegna sumarleyfis starfsmanna verður lokað frá og með 15. júlí til 7. ágúst.

Garage will be closed for summerholiday
15.07 to 7.08.19



SJÓVÁ



Gula hverfið best!



Ólafsvíkuvaka fór fram í blíðskaparveðri um síðustu helgi og skartaði bærinn sínu fegursta. Dagana á undan höfðu íbúar keppt við að skreyta bæði hús og götur en þessa helgi er öllum götum skipt í hverfi eftir litum. Dagskrá helgarinnar var mjög fjölbreytt og eitthvað í boði fyrir alla. Á föstudeginum var keppt í dorgveiði á bryggjunni, boðið var uppá krakkacrossfitt, skákkennslu, boltaprautir og hoppukastala. Um kvöldið fór fram leikur í INKASSOdeild karla þegar Víkingur tók á móti Aftureldingu og seinna um kvöldið var svo garðpartý í sjómannagarðinum og lifanditónlist á Skerinu fram á nótt. Á laugardegnum hófst dagskráin fyrir hádegi með "Ólafsvíkudraumnum" ásamt því að keppt var í skák og hægt að fara í göngu um bæjarfélagið með leiðsögn. Eftir hádegi hófust hátíðarhöld á Þorgrímsspalli þar sem Kristinn Jónasson bæjarstjóri setti hátíðina formlega, þá tóku skemmtiatriðið við þar sem þæjurnar sýndu dans, Eir Fannarsdóttir og Sara Dögg Eysteinsdóttir sungu fyrir gesti ásamt því að Samúel Jón Samúelsson sýndi töfrabrögð. Alda Dís kom og söng nokkur lög af sinni alkunnu snilld ásamt því að veitt voru verðlaun fyrir dorgveiðina, Ólafsvíkudrauminn og skák. Herra Hnetusmjör lauk svo dagskránni á pallinum áður en BMX-brós tóku við en þeir sýndi listir sínar við mikil fagnaðarlæti

á planinu fyrir framan fiskmarkað Snæfellsnes. Á laugardegnum var einnig boðið uppá húsdýragarð þar sem sjá mátti meðal annars geitur, kálfa, nýkastað folald með mömmu sinni og lögðu margir gestir leið sína þangað til að kíkja á dýrin. Markaður var einnig haldin þar sem ýmislegt var hægt að fá svo sem vöffur, kaffi, kelinur, lukkupakka og ýmislegt annað girnilegt. „Vargurinn“ Snorri Rafnsson var einnig á svæðinu og sýndi og kynnti það sem hann hefur fyrir stafni. Hápunktur Ólafsvíkuvöku var svo á laugardagskvöldinu þegar öll hverfin söfnuðust saman í sjómannagarðinum eftir skrúgöngu þangað. Þar eins og á pallinum um daginn sá Guðmundur Jensson um að halda utan um dagskrána af sinni alkunnu snilld. Kynnti hann hvert hverfið á fætur öðru á svið með skemmtiatriði sem voru frábær og greinilegt að búið var að leggja mikla vinnu í þau. Alltaf eru veittar viðurkenningar fyrir besta skemmtiatriðið og best skreytta hverfið og að þessu sinni var það gula hverfið sem fékk báðar viðurkenningarna og vel að þeim komin. Jón Sigurðsson oft nefndur 500kallinn sá svo um fjörið í brekkusöngnum og tók brekkan vel undir með honum. Sígga og Örvar úr Stjórninni kíktu svo og tóku nokkur lög til að hita upp áður en þau héldu á Klif þar sem þau spiluðu fyrir troðfullu húsi fram á nótt.

þa

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.

Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Leikskóli Snæfellsbæjar auglýsir eftirfarandi stöðu til umsóknar:

Leikskólakennara í 100% starfshlutfall
frá og með 14. ágúst 2019.



Menntunar og hæfniskröfur:

- Leikskólakennararéttindi
- Góð íslenskukunnátta
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum
- Góðir samskiptahæfileikar
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð

Fáist ekki menntaðir leikskólakennara eða fólk með aðra uppeldis-
menntun og/eða reynslu kemur til greina að ráða leiðbeinendur
tímabundið í lausar stöður.

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og starfið
hentar jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst. Umsókn má skila á netfang
leikskólans : leikskolar@snb.is og eyðublöð er að finna á heimasíðu
Snæfellsbæjar/eyðublöð/atvinnuumsókn.

Nánari upplýsingar veitir:

Inga Stefánsdóttir, leikskólastjóri. S: 6910383

Aflabrögð

Dagana 1. til 7. júlí komu
alls 164 tonn á land í höfnum
Snæfellsbæjar í 138 löndunum.
Þar af var landað 72 tonn í 56
löndunum í Ólafsvíkurhöfn, 53
tonn í 43 löndunum í Rifshöfn
og 39 tonn 39 löndunum á
Arnarstapa.

Flestir bátarnir sem róa þessa
dagana eru handfærabátar, þó
réru 2 dragnótabátar og landaði
Egill SH 28 tonn í 3 og Esjar

SH 20 tonn í 2 löndunum.

Einn netabátur Bárður SH
landaði 1 tonni í 1 löndun og
einn lítill línubátur Þerna SH
landaði 1 tonni í 1 löndun.

Hjá handfærabátunum
lönduðu 27 bátar 44 tonn
í 53 löndunum í Ólafsvík, 20
bátar 32 tonn í 40 löndunum
í Rifshöfn og 15 bátar 38 tonn
í 38 löndunum á Arnarstapa.

þa



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Smábókasafn í Grundarfirði



Nýjasta bókasafn landsins var vígt við látlausu en fallega athöfn síðdegis þriðjudaginn 2. júlí. Viðstaddir voru félagar í grundfirska bóklúbbnum Köttur úti í mýri, auk aðalhönnuðar og byggingarstjóra safnsins. Ljósmyndari var einnig á staðnum.

Safnið er staðsett við Borgarbraut 2, sem er eitt af eldri húsum bæjarins, miðja vega milli stóru bryggju og barnaskóla - sem mun vera táknrænt. Safnið er vígt á miðjudegi ársins, þeim degi þegar jafn margir dagar ársins eru líónir og þeir sem eftir eru, sem er líka góðs viti. Safnið er að vísu ekki stórt í sniðum, en þeim mun viðkunnaþegra. Safnið þjónar þeim göfuga tilgangi að snerta líf fólks með bókum. Lántakar geta hvort heldur sem er fengið bækur til láns eða eignar, auk þess sem þeir geta sjálfir gefið safninu bækur sem þannig öðlast

lengra líf.

Einn af höfuðpaurum Kattar úti í mýri, Lilja Magnúsdóttir, hafði lengi átt sér þann draum að opna slíkt safn. Hugmyndin er alþjóðleg og er grundfirska bókasafnið nú skráð safn í alþjóðlegri keðju smábókasafna. Það mun vera annað íslenska bókasafnið sem skráð er og hægt er að finna á heimskorti smábókasafna.

Hús safnsins er alfarið úr endurnnu byggingarefni, en það var hagleiksmaðurinn Ingi Hans Jónsson í Grundarfirði sem hannaði og smíðaði bygginguna, að beiðni Lilju.

Um leið og færðar eru þakkir til allra sem að safninu koma, bendum við á meðfylgjandi myndir af nýja húsinu og hvetjum ykkur til að gerast velunnarar smábókasafnsins í Grundarfirði.

grfj



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Aftur á sigurbraut

Lið Aftureldingar kom í heimsókn fyrsta dag í Ólafs-víkurvöku (5. júlí). Leikið var við bestu aðstæður, logn og þurr veður. Leikurinn var alveg í járnnum í fyrri hálfleik, en okkar strákar meira ógnandi við mark andstæðinganna. Strax á 6. mínútu skoraði Harley mark, en eftir nokkra rekistefnu milli dómara var markið ekki dæmt gilt, vegna rangstöðu. Stöðubaráttan var í fyrirrími það sem eftir lifði hálfleiksins og staðan í hálfleik 0-0.

Seinni hálfleikur byrjaði með góðu spili okkar stráka og tóku þeir öll völd, boltinn fékk að rúlla vel á milli manna, sem skapaði fínt samspil og á 54. mínútu skoraði Harley snilldarmark, fór illa með varnarmenn gestanna og skoraði. Átta mínútum síðar bætti Sallieu

við marki, var á réttum stað, laus við varnarmenn, eftir góða aukaspyrnu frá Michael Newberry. Staðan orðin 2-0. Sóknirnar héldu áfram að dynja á gestunum og réðu þeir lítið við heimamenn. Það var aðeins fyrir frábæra frammistöðu markmanns gestanna að ekki voru fleiri mörk skoruð í þessum leik. Flott frammistaða og góð liðsheild. Okkar strákar slókuðu síðan aðeins á síðustu 10 mínúturnar, kannski óþarflega mikið, en gestunum tókst samt ekki að minnka muninn.

Næsti leikur VíkingsÓ er í Njarðvík núna í dag (fimmtudag 11.) og næsti heimaleikur er við Hauka þann 16. júlí kl. 19.15 og það þarf ekki taka fram að við skorum á sem flesta að styðja við strákanna og mæta á völlinn.

óhs

Verðlaun á N1 móti



Það er líf og fjör í fótboltanum hjá krökkunum í Snæfellsnessamstarfinu í sumar eins og alltaf. Standa þau sig mjög vel í öllu sem þau gera og eru bæði sér og öðrum alls staðar til sóma. Eins og fram kom í Jökli í lok júní þá tóku Snæfellsnesþejurnar í 5. flokki þátt í TM mótinu í Vestmannaeyjum í júní. Stóðu

þær sig mjög vel eins og alltaf og komu heim með bikar.

Strákarnir í 5. flokki gerðu sér svo lítið fyrir og unnu Chile deildina á N1 mótinu á Akureyri um helgina. Glæsilegur árangur hjá 5. flokks krökkunum.

Til hamingju krakkar með árangurinn, framtíðin er björt.

þa



Á heimasíðu Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness **fasteignsnae.is** er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinnson hdl. löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Verk/gæðastjórn hjá G.RUN Grundarfirði.

Guðmundur Runólfsson hf. leitar að metnaðarfullum starfsmanni í fullt starf sem verk/gæðastjóri í fiskvinnslu. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu þ.á.m. excel og word og góðan skilning á íslensku og ensku. Æskilegt er að umsókn fylgi ferliskrá og meðmæli.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Guðmundsdóttir framleiðslustjóri G.RUN
í síma 869-2701

Umsóknarfestur er til 12. ágúst 2019

Umsóknir sendist á email: rosa@grun.is



Netagerðamaður hjá G.RUN Grundarfirði.

Guðmundur Runólfsson hf. leitar að metnaðarfullum starfsmanni í fullt starf sem netagerðamaður/lærlingur. Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu. Æskilegt er að umsókn fylgi ferliskrá og meðmæli.

Nánari upplýsingar veita Páll Guðmundsson og Ingi Þór Guðmundsson netagerð G.RUN

Páll s: 894-6790 email: palli@grun.is

Ingi Þór s: 860-7365 email: ingi@grun.is

Smári s: 894-1359 email: smari@grun.is

Umsóknarfestur er til 12. ágúst 2019



Stafsólk í fiskvinnslu G.RUN Grundarfirði.

Guðmundur Runólfsson hf. leitar að metnaðarfullu starfsfólki í öll almenn störf í nýja hátæknifiskvinnslu fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar veita Rósa Guðmundsdóttir framleiðslustjóri og Hólmfríður Hildimundardóttir verkstjóri.

Email: rosa@grun.is s: 869-2701

Email: holmfridur@grun.is s: 861-7534